

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2023

2023/EES/81/07

frá 28. apríl 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1519 frá 5. maí 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar kröfur sem gilda um ESB-áburðarvörur sem innihalda hamlandi efnasambönd og um eftirvinnslu meltu ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009) í XIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1519**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1519 frá 5. maí 2022 (Stjtið. ESB L 236, 13.9.2022, bls. 5).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1519, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 236, 13.9.2022, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Please change to: Stjtið. ESB L, 2023/2233, 9.11.2023, og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 3.